

## REIKNINGUR

### Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2013.

#### Rekstrarreikningur árið 2013

<b>Tekjur</b>	<b>þús. kr.</b>
Framlag ríkissjóðs .....	16.466.251
Framlag sveitarfélaga .....	17.182.235
Önnur framlög .....	<u>961.600</u>
Tekjur alls	<u>34.610.086</u>
<b>Framlög</b>	
Bundin framlög .....	1.334.801
Sérstök framlög .....	7.722.295
Jöfnunarframlög .....	7.422.696
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla .....	7.561.282
Framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra .....	<u>10.787.788</u>
Framlög alls	<u>34.828.862</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>	
Laun og launatengd gjöld .....	3.997
Annar rekstrarkostnaður .....	<u>84.701</u>
Rekstrarkostnaður samtals	88.698
Eignakaup .....	<u>0</u>
Framlög og gjöld alls .....	<u>34.917.560</u>
Rekstrarafgangur/halli .....	( 307.474)
Hreinar fjármunatekjur .....	<u>144.864</u>
Tekjuafgangur/halli ársins .....	<u>( 162.610)</u>
<b>Efnahagsreikningur 31. desember 2013</b>	
<b>Eignir</b>	
<b>Veltufjármunir:</b>	
Ríkissjóður .....	18.582
Áfallnar vaxtatekjur .....	136.388
Aðrar skammtímakröfur .....	<u>263.650</u>
Skammtímakröfur samtals	<u>418.620</u>
Handbært fé:	
Bankareikningar .....	1.682.782
<b>Eignir alls</b>	<u>2.101.402</u>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	
<b>Eigið fé:</b>	
Höfuðstóll .....	<u>305.519</u>

Nr. 1057/2014

<b>Skammtímaskuldir:</b>	
Ríkissjóður .....	23.749
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur .....	27.278
Ógreidd framlög .....	618.496
Aðrar skammtímaskuldir .....	<u>1.126.360</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>1.795.883</u>
Skuldir samtals	<u>1.795.883</u>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>	<u><u>2.101.402</u></u>

### Sjóðstreymi árið 2013

#### Rekstrarhreyfingar

*Veltufé frá rekstri:*

Tekjuafgangur/halli samkvæmt rekstrarreikningi .....	( 162.610)
Veltufé frá rekstri	( 162.610)

*Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:*

Skammtímakröfur (hækkun), lækkun .....	( 6.655)
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun .....	<u>218.146</u>
	211.491

**Handbært fé frá rekstri** 48.881

#### Fjármögnunarhreyfingar

*Breyting á stöðu við ríkissjóð:*

Framlag ríkissjóðs .....	( 16.466.251)
Greitt úr ríkissjóði .....	<u>16.471.920</u>
	5.669

Hækkun (lækkun) á handbæru fé ..... 54.550

Handbært fé í ársbyrjun ..... 1.628.202

Handbært fé í árslok ..... 1.682.752

### Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2013 var tekjuhalli Jöfnunarsjóðsins 162,6 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 2.101,4 m.kr., skuldir 1.795,9 m.kr. og eigið fé 305,5 m.kr.

Innanríkisráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2013 með áritun sinni.

*Reykjavík, 2. október 2014.*

**Hanna Birna Kristjánsdóttir**  
innanríkisráðherra.

---

*Guðmundur Bjarnason,*  
formaður ráðgjafarnefndar  
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

## Áritun endurskoðenda

Til innanríkisráðuneytis og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda.

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

### Álit.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2013, efnahag 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

*Ríkisendurskoðun, 2. október 2014.*

**Sveinn Arason** ríkisendurskoðandi.

\_\_\_\_\_  
*Sigurgeir Bóasson*  
endurskoðandi.